

Landsþing Landssamtakanna Proskahjálpar 2017 ályktar eftirfarandi:

Pingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks.

Lýst er ánægju með samþykkt þingsályktunartillögu félags- og jafnréttismálaráðherra um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017 - 2021 og það samráð sem velferðarráðuneytið hyggst hafa við fatlað fólk og samtök þess um framkvæmd stefnunnar. Jafnframt er skorað á Alþingi og stjórnvöld að tryggja að fullnægjandi fjármagn verði til ráðstöfunar til að framkvæma stefnuna og áætlunina og þau verkefni sem þar er mælt fyrir um sem og til að standa við allar skuldbindingar ríkis og sveitarfélaga samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og öðrum mannréttindasamningum.

Samþykkt lagafrumvarpa.

Skorað er á Alþingi að samþykkja svo skjótt sem verða má frumvörp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir og um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga þannig að ríki og sveitarfélög geti gert nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda þeim markvisst í framkvæmd í byrjun næsta árs og þannig tryggt fötluðu fólki betur þau mannréttindi sem áréttuð eru í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Lögfesting samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Skorað er á íslensk stjórnvöld og Alþingi að taka samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í íslensk lög, án ástæðulauss dráttar og tryggja þannig að fatlað fólk njóti allra þeirra mannréttinda sem hann mælir fyrir um. Jafnframt er skorað á stjórnvöld að láta þýða almennar athugasemdir (e. General Comments) eftirlitsnefndar með samningnum varðandi túlkun einstakra ákvæða hans og gera þær öllum aðgengilegar, einnig á auðlesnu máli.

Fullgilding valkvæðs viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna.

Skorað er á íslensk stjórnvöld að fullgilda valkvæðan viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlað fólks fyrir lok árs 2017, eins og Alþingi ályktaði einróma á síðasta ári að skyldi gert. Fullgilding valkvæða viðaukans er mikilvægur þáttur í innleiðingu samningsins, eykur aðhald með hlutaðeigandi stjórnvöldum og veitir mannréttindum fatlaðs fólks aukna vernd.

Vernd gegn mismunun.

Skorað er á Alþingi að setja nú þegar lög sem banna mismunun á grundvelli fötlunar á öllum sviðum samfélagsins. Slík löggjöf er nauðsynleg til að tryggja fötluðu fólki tækifæri til jafns við aðra og er mjög mikilvægur liður í að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Skóli án aðgreiningar.

Skorað er á menntamálayfirvöld að grípa án tafar til nauðsynlegra ráðstafana til að öll fötluð ungmenni sem lokið hafa grunnskóla geti nú og framvegis innritast í viðurkennda framhaldsskóla og stundað nám við þá, eins og þau eiga rétt til samkvæmt lögum.

Erfðavísindi.

Skorað er á Alþingi, heilbrigðisráðherra og önnur hlutaðeigandi stjórnvöld að efna nú þegar til víðtækrar umræðu um þau margvíslegu siðferðilegu, lagalegu og félagslegu álitaefni sem nýting erfðavísinda og fósturskimanir vekja nú og munu í vaxandi mæli vekja á næstu árum og áratugum.

Sanngirnisbætur.

Skorað er á Alþingi og stjórnvöld að láta tafarlaust fara fram greiningu á vistun fatlaðra barna annars staðar en á Kópavogshæli sem og á vistun fatlaðra einstaklinga sem náð höfðu 18 ára aldri þegar þeir voru vistaðir á Kópavogshæli eða á öðrum sambærlegum stöðum og tryggja að þeir einstaklingar sem í hlut eiga fái sanngirnisbætur ef niðurstaða greiningarinnar styður að það sé sanngjarnt. Landsþingið skorar einnig á stjórnvöld að fara að tillögum í skýrslu vistheimilaneftndar og hrinda þeim í framkvæmd án ástæðulauss dráttar.

Atvinnumál.

Skorað er á stjórnvöld að fara fljótt og skipulega í að tryggja aukin atvinnutækifæri fyrir fólk með skerta starfsgetu. Það er á þeirra valdi að gera það hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga og hjá fyrirtækjum sem ríki og sveitarfélög eiga. Jafnframt er skorað á stjórnvöld að finna leiðir til að hvetja einkafyrirtæki til þess sama og veita þeim uppbyggilegt aðhald, með setningu viðeigandi laga og reglna ef önnur ráð duga ekki.

Húsnæðismál.

Skorað er á öll sveitarfélög að gera þeim fötluðu einstaklingum sem eru á biðlista eftir húsnæði **tafarlaust** grein fyrir hvenær þeir fá viðeigandi húsnæði og gera tímasettar þjónustuáætlanir með hverjum og einum eins og ber að gera samkvæmt lögum og reglum. Ástandið í húsnæðismálum fatlaðs fólks er algjörlega óásættanlegt eins og það er í dag!